



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2016

FÉLA3RS05 Réttindi og samfélag

Kennari:	Helgi Hermannsson	Sk.st.	HH
-----------------	--------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnast nemendur kenningum og hugtökum tengdum jafnrétti, kynjafræði, lýðræði, mannréttindum og almennri samfélagsvitund. Nemendur kynnast réttindabaráttu ýmissa minnihlutahópa og fjallað verður um líf, reynslu og aðstæður fólks sem tilheyrir þeim minnihlutahópum. Farið verður í gagnsæi netsamfélaga og afleiðingar hegðunar þar og þær samfélagsbreytingar sem hafa orðið vegna aukinnar notkunar netsins og aukins framboðs af netsamfélögum og þá hættu sem þar leynist. Nemendur munu einnig kynnast umhverfi, stöðu og réttindum fatlaðra í gegnum námsefni og í gegnum raunhæft liðveisluverkefni sem unnið er í samvinnu við sveitarfélög á svæði skólans.

Undanfari: FÉLA2KR05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Mannréttindum og þróun þeirra,
- stöðu minnihlutahópa í samfélaginu,
- tilgangi réttindabarátta,
- hvað það er að vera virkur samfélagsþegn í lýðræðissamfélagi,
- grundvallarhugtökum er tengjast jafnrétti og kynjafræði,
- hættum sem leynast í tengslum við nýja miðla og netsamfélög,
- hvað fötlun er og ábyrgð samfélagsins gagnvart því.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita hugtökunum; læsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, sköpun, sjálfbærni og heilsa og velferð, bæði í námi og utan þess,
- greina mismunandi tegundir netsamfélaga og áhrif þeirra,
- nota námsefni og umfjöllun um fötlun í raunaðstæðum,
- greina stöðu minnihlutahópa, orsakir þeirrar stöðu og afleiðingar.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Leggja mat á upplýsingar um brot á réttindum fólks og viðbrögð samfélagsins við því,
- tengja umfjöllun samfélagsins við hugtök fjölmiðla um afbrot við sjónarhorn afbrota félags-, kynja- og fötlunarfræði,
- geta tjáð sig í ræðu og riti um samfélagsleg álitamál,
- geta litið á samfélagið með mismunandi sjónarhornum og gagnrýni,
- vita hvað felst í fræðilegum vinnubrögðum, kunna að leita að heimildum, meta gæði þeirra og vísa rétt í þær.

Námsefni:

Ljósrit, efni af Interneti, dreift af kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dæmi:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
34	19. – 26. ágúst	Kynning á áfanganum – skipulag.	Hugtök.
35-36	29. ág – 6. sept	Réttindi og staða fatlaðra einstaklinga í samfélaginu. Liðveisluverkefni annarinnar kynnt.	Vinnustofur og verkefni. 8%
37-38	7. – 16. sept	Lýðræði og mannréttindi, jafnrétti. Staða minnihlutahópa.	Vinnustofur og verkefni. 8%
39 - 40	19.- 30 sept	Karlmennska vs. kvenleiki, kynjakvótar og staðalímyndir.	Vinnustofur. 6%
41-42	3. – 13. okt	Nýmiðlar, fjölmiðlar og netsamfélög	Verkefni. 6%
43-44	18. – 28. okt	Sjálfbærni, siðferði og samskipti.	Vinnustofur. 6%
45-46	1. – 11. nóv	Klám og klámvæðing, kynbundið ofbeldi, vændi, mansal, kynheilbrigði	Vinnustofur og verkefni. 10%
47-48	14. – 25. nóv	Lokaverkefni.	Vinnustofur og verkefni. 16%
49	28. nóv – 9. des	Samantekt og úrvinnsla.	

Sérreglur áfangans:

Gerð er krafa um 90% skilaskyldu verkefna. Ef nemandi getur ekki skilað verkefni vegna óviðráðanlegra orsaka skal hann tala við kennara um leið og það er ljóst. Síðasta vika annarinnar getur verið notuð til að vinna það upp með sérverkefnum.. Mætingarskylda er í samræmi við reglur skólans. Farsímar eru leyfðir án hljóðs og leikja, í samráði við kennara.

Fyrirkomulag námsmats:

Dæmi:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Vinnustofur og verkefni	Einstaklings/hópverkefni.	60%
Liðveisluverkefni	Raunverkefni eða ritgerð.	30%
Þátttaka	Umræður og virkni í tímum og á síðu.	10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Helgi Hermannsson – hhm@fsu.is